



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: H. Ágúst Jóhannesson
formaður Ritnefndar FLE
Desember 2002
25. árgangur 3. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Staða FLE, hlutverk og framtíð	1
Af stjórnarborði.....	4
Fráteknað dagsetningar	5
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2002	6
Opnunartími skrifstofu FLE	9
Stjórn og nefndir 2002–2003	10
Haustráðstefna FLE	12
Endurskoðunarferill – drög að gæðahandbók.....	14
Til hamingju með afmælið	15
Áhugaverðar heimasíður	15
Til sölu á skrifstofu FLE	15
Inleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla	16
Golfannáll árið 2002.....	17

Staða FLE, hlutverk og framtíð


Eftirfarandi grein er byggð á erindi sem ég hélt á haustráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda í nóvember síðast liðnum, en þar var mér falið það skemmtilega verkefni að fjalla um stöðu félagsins, hlutverki þess og framtíð. Umfjöllun mín tekur mið af því að ég:

- fékk réttindin árið 1997 og hef því verið tiltölulega stutt í félaginu,
- horfi á félagið utanfrá þar sem ég hef ekki tekið þátt í nefndarstörfum eða sambærilegum störfum á vegum félagsins,
- hef unnið hjá KPMG frá því að háskólanámi lauk,
- tilheyri minnihlutahópi innan félagsins.

Greinin er byggð upp með þeim hætti að í upphafi er staða félagsins skoðuð út frá tölfræðilegum upplýsingum um félagsmenn. Síðan er fjallað um hlutverk félagsins meðal annars út frá mismunandi þörfum félagsmanna, breytingum á starfi okkar og hvers þær munu krefjast af okkur í framtíðinni.

Félagsmenn FLE 1. september 2002

Þann 1. september s.l. voru félagsmenn í FLE samtals 268. Samkvæmt skrár félagsins voru



Mynd 1. Aldur og starfsvettvangur félagsmanna



Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG


111 félagsmenn eða 42% þá starfandi hjá stóru stofunum þremur; KPMG Endurskoðun hf., PricewaterhouseCoopers ehf. og Deloitte & Touche hf. Á öðrum endurskoðunarstofum störfuðu 84 félagsmenn (31%), 65 (24%) voru í öðrum störfum og 8 (3%) voru hættir störfum.

Mynd 1 sýnir aldur og starfsvettvang félagsmanna. Þær tölur sem þar sjást koma væntanlega fæstum félagsmönnum á óvart en þær sýna afdráttarlaust að þeir endurskoðendur sem eru tiltölulega nýbúnir að fá löggildingu eru í langflestum tilvikum starfandi á stóru stofunum þremur og fólk í yngsta aldursflokknum fæst farið að hugsa sér til hreyfings yfir í önnur störf. Hlutföllin eru nokkuð önnur í næsta aldursflokki en þar eru fleiri á minni stofunum og hlutfallslega fleiri búnir að skipta um starfsvettvang.

Meðalaldur félagsmanna er 48 ár. Eins og greinilega sést á mynd 1 er meðalaldurinn á stóru stofunum mun lægri en á minni stofunum eða 43 ár en 53 ár á þeim minni. Til saman-




burðar er meðalaldur félagsmanna sem leitað hefur í önnur störf 46 ár. Það er því mjög greinilegt að nýliðun í stéttinni hefur fyrst og fremst átt sér stað á stóru stofunum. Inni í tölunum fyrir aðrar stofur eru nokkrar meðalstórar stofur og það eru í raun mjög fáir einrykjar yngri en 46 ára. Þýðir þetta að einrykjarnir muni hverfa úr stéttinni? Ef aldursdreifingin er vísbending um það þá er ekki órökkrétt að álykta að svo verði. Þá vaknar sú spurning hverjir muni taka að sér að sinna þeim verkefnum sem einrykjarnir sinna í dag? Munu aðrir endurskoðendur taka þau að sér og einhverjir jafnvel kljúfa sig útúr stóru stofunum?



Mynd 2. Fjöldi félagsmanna, eftir aldri og kyni


Það eru 42 konur í FLE sem gera um 16% félagsmanna. Konur í stétt endurskoðenda eru hlutfallslega færri hér á Íslandi en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en þar er hlutfall þeirra um 25%. Á meðal félagsmanna FLE 45 ára og yngri er hlutfall kvenna um 27%.



Mynd 3. Hlutfallsleg aldurskipting félagsmanna

Mynd 3 er byggð á sömu gögnum og mynd 2 en þar er aldursdreifingin sýnd hlutfallslega. Þar sést enn betur að þó svo að við stelpurnar séum mun færri í dag þá erum við engu að síður að sækja á þar sem meðalaldur kvenna í félaginu er nokkuð lægri en karla eða 41 ár hjá konum en 49 ár hjá körlum.

Í grein í síðasta tölublaði FLE fréttu, eftir Ágúst Einarsson deildarforseta viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, kom fram að nú eru samtals 50 nemendur við nám í endurskoðun við Háskóla Íslands, þar af eru 35 konur eða 70%. Reynsla undanfarinna fimm ára er sú að konur hafa verið að meðaltali um þriðjungur nýútskrifaðra endurskoðenda. Því verður fróðlegt að sjá hvort við eigum eftir að upplifa verulega breytt hlutföll kynjanna varðandi nýliðun í félaginu.



Mynd 4. Starfsvettvangur félagsmanna, skipt eftir kynjum

Um 27% félagsmanna eru annaðhvort hættir störfum eða farnir í önnur störf en endurskoðun en sambærilegt hlutfall var 23% í ársbyrjun 1999. Það er ekki óeðlilegt að stór hluti félagsmanna kjósi að vinna við annað en endurskoðun. Almennt er talið að nú sé minni tregða en áður var til að skipta um starfsvettvang og hlutfall félagsmanna FLE utan endurskoðunarstofa er eflaust mun lægra hér en meðal sambærilegra félaga í öðrum löndum Evrópu.

Það er mjög athyglisvert að þær konur sem starfa á endurskoðunarstofum eru lang flestar á stóru stofunum þremur. Þannig eru eingöngu þjárf konur á litlu stofunum. Er hugsanlegt að konur hafi minni áhuga á að standa í eigin rekstri og finni sér frekar farveg inni á stóru stofunum? Með hliðsjón af lægri meðalaldrinum kvenna en karla meðal félagsmanna er þó líklegur að skýringin sé einfaldlega sú að þetta endurspeglir það sem er almennt að gerast meðal yngri félagsmanna. Það er líka mjög athyglisvert hversu misjöfn hlutdeild kvenna er innan stofanna. Í dag er um þriðjungur allra kvenna í stéttinni starfandi hjá KPMG. Á meðal félagsmanna FLE eru 10 konur yfir 45 ára aldri. Það er umhugsunarefni að aðeins ein þeirra er enn starfandi á endurskoðunarstofu.

Hvaða þjónustu vilja félagsmenn FLE?

Tilgangur FLE er skilgreindur í 4. gr. samþykka félagsins. Það segir sig sjálft að félag með einn starfsmann í hlutastarfi þarf að treysta að verulegu leyti á aðfengið vinnuafli eða vinnu félagsmanna ef á að vinna heilshugar að þeim háleitu markmiðum sem þar eru tilgreind. Það að félagstarfið hjá FLE er mikið til borið uppi af félagsmönnum hefur í för með sér bæði kosti og galla.

Að mínu mati er það mikill kostur að með þeim hætti verður stór hluti félagsmanna mjög virkur og þannig er stuðlað að betri kynnum þeirra á milli.

Mikill galli er hinsvegar að kostnaður við rekstur félagsins verður ekki nægilega sýnilegur. Sem dæmi má nefna að á síðasta starfsári nam vinnuframlag starfsmanna KPMG vegna þátttöku í nefndum og stjórn FLE rúmlega 500 klst. Árið þar áður var starfsmaður KPMG formaður FLE og þá voru þessir tímar um 750. Þessu til viðbótar kemur heilmikil vinna sem þetta sama fólk lagði af mörkum í eigin tíma. Starfsmaður með menntun á sviði endurskoðunar gæti væntanlega dregið úr óhóflegri vinnu nefnda félagsins. Ákvörðun um að ráða slíkan starfsmann verður þó varla tekin nema félagsmenn geri skýra grein fyrir því hvaða þjónustu þeir óska af félaginu. Það verður hinsvegar að segjast eins og er að þörf okkar fyrir þjónustu félagsins er mjög mismunandi, eins og endurspeglast svo greinilega í myndunum hér að framan.

Á stóru stofunum fer fram mikið og sívaxandi innra starf þar sem verulegum tíma og peningum er varið í fræðslu starfsmanna og önnur innri málefni. Óhjákvæmilega hlýtur að vera hætta á að upp komi togstreita ef starf félagsins er að verulegu leyti borið uppi af stóru stofunum þó svo að þær hafi etv. minnstu þörf fyrir þjónustu félagsins eins og henni er háttað í dag. Það er jafnframt staðreynd að samkeppni á milli endurskoðunarfyrtækja hefur aukist verulega. Ég hef velt því fyrir mér hvort hún geti í einhverjum tilvikum verið það mikil að hún standi félagsstarfinu fyrir þrifum.

Samstarf við erlend endurskoðunarfyrtækja

hefur í flestum tilvikum í för með sér aðgang að gæðakerfum og handbókum um allt á milli himins og jarðar sem snýr að faginu og rekstri endurskoðunarfyrtækis, gagnaböndum, upplýsingakerfum og þannig má telja áfram. Aðferðafræði KPMG við endurskoðun byggir á alþjóðlegu stöðlunum og ég geri ráð fyrir að það sama sé uppi á teningnum hjá öðrum stofum sem hafa öflugan erlendan bakhjarl. Erlendu samstarfi fylgja líka miklar kröfur svo sem um gæðaeftirlit og óhæði svo eitthvað sé nefnt. Þessar kröfur eru yfirleitt mun ríkari en þær sem gerðar eru samkvæmt íslenski lögjöf.

Það er því ekki óeðlilegt að upp komi vangaveltur um það hversu mikil þörf sé raunverulega fyrir aðstoð félagsins varðandi gæðaeftirlit. Eðlilegt er að gerð sé sama krafa til allra sem eru að endurskoða og því hlýtur að vera óhjákvæmilegt að félagið komi til móts við þarfir þeirra félagsmanna sem þurfa aðstoð við að byggja upp gæðakerfi í sínum rekstri. Ég er mjög sátt við þá leið sem hefur verið valin í þeim efnum; að útbúa frekar almennar leiðbeiningar með tilvísunum í alþjóðlega staðla og leiðbeinandi reglur FLE um endurskoðun heldur en að leggja í mikla vinnu við gerð gæðahandbóka.

Við megum ekki gleyma því að um fjórðungur félagsmanna starfar ekki á endurskoðunarstofum en tekur engu að síður þátt í starfsemi félagsins svo sem með þátttöku á ráðstefnum og hádegisverðarfundum. Það er að mínu mati mjög jákvætt fyrir stéttina að þessi hópur sé virkur í félaginu en ég tel nokkuð víst að hlutfall félagsmanna í þessum hópi eigi eftir að hækka verulega.

Hvaða breytingar eru framundan?

Ég hef leitt hugann að því hvaða breytingar séu framundan sem varða störf endurskoðenda. Það sem ég sé helst fyrir mér er eftirfarandi:

Samþjöppun

Það á eftir að verða meiri samþjöppun í greininni. Þó svo að við séum sennilega búin að fara í gegnum það mesta í samrunum, á litlu stofnunum og einyrkjum eftir að fækka þannig að færri endurskoðunarfyrtækni verða á mark-

aðnum. Hingað til hafa endurskoðendur ekki verið að fara frá stóru stofnunum og í minni fyrirtæki og persónulega þá efast ég um að það eigi eftir að gerast í miklum mæli þó svo að tækifæri eigi eftir að opnast á þeim hluta markaðarins.

Samkeppni

Það verður áframhaldandi samþjöppun hjá viðskiptavinum okkar sem mun hafa áhrif í þá veru að samkeppni á milli endurskoðunarfyrtækja mun aukast.

Alþjóðavæðing

Aukin alþjóðavæðing kallar á meiri kröfur um gæði og þekkingu á alþjóðlegum stöðlum og alþjóðlegu rekstrarumhverfi. Óhjákvæmilegt verður að gera sambærilegar kröfur um menntun endurskoðenda hér á landi og erlendis sem leiðir til þess að við verðum að auka menntun endurskoðenda fyrir löggildingu, til samræmis við það sem tíðkast erlendis. Við munum í auknum mæli senda starfsfólk okkar til starfsþjálfunar erlendis og nýta okkur þekkingu þess og reynslu þegar það kemur til baka.

Meiri hreyfanleiki

Kannanir sýna að háskólaþéttir nú að meðaltali oftast um starfsvettvang en áður var, þetta er þróun sem hefur átt sér stað víðast hvar. Þó svo að við séum mörg hver frekar íhaldssöm þá má samt gera ráð fyrir að þetta muni gilda fyrir okkar stétt.

Aukin þekking á reikningshaldi meðal viðskiptavina okkar

Allt þetta mun hafa það að verkum að þekking á reikningshaldi verður meiri meðal viðskiptavina okkar, sem aftur hefur það að verkum að okkar þjónusta mun breytast.

Meiri áhersla á endurskoðun og aukin sérhæfing

Lögð verður enn meiri áhersla á endurskoðun og aukin sérhæfing mun eiga sér stað svo sem á sviði skattamála. Við eigum líka eftir að leggja mun meiri áherslu á endurskoðun upplýsingakerfa í nánustu framtíð. Nýjar endurskoðunaraðferðir krefjast vissulega meiri kunnáttu en þær skila líka meiri bæði til viðskiptavinarins og okkar.

Aukið flækjustig viðskipta

Viðskiptin og það umhverfi sem við hrærumst í verður sífellt flóknara.

Meiri harka

Við eigum eftir að sjá meiri hörku, það getur varla talist nokkur ástæða til að ætla að það muni ekki gerast hér líka. Enn meiri kröfur verða því gerðar um óhæði og strangar síðareglur. Hvort þessi breyting á eftir að fæla ungt fólk frá faginu eða gera það meira spennandi á tíminn eftir að leiða í ljós.

Aukið eftirlit með störfum endurskoðenda

Eitt af því sem örugglega á eftir að koma upp hér á landi eins og annarsstaðar er umræðan um það hvernig eftirliti með störfum endurskoðenda sé best fyrir komið.

Framtíðarsýn

Þessar breytingar bera allar að sama bruni, nefnilega því að við verðum að leggja mikla áherslu á menntun endurskoðenda. Ég fagna því þeirri ákvörðun sem tekin var á síðasta aðalfundi þar sem ákveðið var að nýta fjármuni félagsins til að styrkja einstakling til doktorsnáms í endurskoðun og stuðla þannig með myndarlegum hætti að frekari þróun á námi íslenskra endurskoðenda. Einstaka endurskoðunarfyrtækni hafa jafnframt verið að styrkja námið við Háskóla Íslands með óbeinum hætti með því að útvega kennara og munu örugglega halda því áfram.

Hvar sem við störfum hljótum við öll að vera sammála um að við viljum áfram vera stolt af því að vera endurskoðendur. Þess vegna hljótum við að vera sammála um mikilvægi þess að gætt sé að ímynd stéttarinnar.

Þær væntingar sem ég hef eru að félagið sé þekkt meðal félagsmanna og almennings sem:

- félagsskapur stéttar sem nýtur almennrar virðingar í íslensku viðskiptalífi
- öflugur bakhjarl menntunar á sviði endurskoðunar
- skemmtilegur vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna



Af stjórnarborði

Nýtt starfsár – Verkefnið framundan

Aðalfundur FLE var haldinn þann 9. nóvember sl. Þar var kosið í stjórn og nefndir félagsins eins og samþykktir þess kveða á um. Fastanefndir félagsins eru sjö, þ.e. Álitsnefnd, Endurskoðunarnefnd, Reikningsskilanefnd, Menntunarnefnd, Ritnefnd, Skattanefnd og Gæðanefnd. Auk þeirra eru starfandi nokkrar stjórnskipaðar nefndir innan félagsins, s.s. Siðanefnd, Orðanefnd og Uppstillingarnefnd. Nýkjörin stjórn FLE kom saman til síns fyrsta fundar þann 20. nóvember sl. Síðan þá hefur formaður og varaformaður átt fundi með öllum fastanefndum félagsins í þeim tilgangi að móta starfið á nýbyrjuðu starfsári.

Ljóst er að starfið mun í stórum dráttum fylgja þeim meginlínunum sem markaðar hafa verið á undanförunum árum. T.d. er áformað að ráðstefnu- og fundahöld á vegum félagsins verði með svipuðu sniði og áður og sama má segja um útgáfumálin. En þótt hið formlega starf breytist lítið milli ára þá eru viðfangsefni og áherslur stjórnar og nefnda síbreytileg. Skal nú vikið að helstu verkefnum framundan.

Menntunarmálin mál málanna

Samkvæmt 4. gr. samþykktar FLE er einn megin-tilgangur félagsins að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna. Félagið hefur stuðlað að þessu með ýmsum hætti í gegnum tíðina. Á þessu starfsári er ráðgert að félagið standi m.a. fyrir eftirfarandi í þessu skyni:

- **Skattadagur** þann 17. janúar n.k. þar sem m.a. verður farið yfir skattalagabreytingar og önnur skattaleg málefni.
- **Endurskoðendadagur** verður haldinn 11. apríl n.k. þar sem líklegt er að fjallað verði m.a. um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og breytingar á ársreikningalögum.
- **Haustráðstefna** verður í nóvember. Verið er að kanna möguleika á að halda ráðstefnuna úti á landi að þessu sinni.

- **Hádegisverðarfundir** verða fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði eins og verið hefur. Leitað verður til fyrirlesara utan sem innan félags.

- **Samstarf við Endurmenntunarstofnun HÍ.** Eins og á undanförunum árum er gert ráð fyrir að FLE muni eiga samstarf við EHÍ um námskeiðahald fyrir endurskoðendur. FLE hefur áhuga á að endurskoðun skipi meiri sess en áður í námskeiðavalinu. Þá er brýnt að nota þennan vettvang til að kynna og fara yfir aðþjóðlega reikningsskilastaðla og jafnvel að leita til erlendra fyrirlesara í því skyni.

- **Samnorrænt samstarf.** Á fundi Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) sl. sumar komu fram hugmyndir um að setja á laggirnar samnorrænan vinnuhóp til að kanna hvort skynsamlegt væri að vinna saman að tilteknum sviðum sem varða menntunarmál endurskoðenda. Nú hefur verið ákveðið að fyrsti fundur slíks hóps verði í Stokkhólmi í janúar n.k. Öll norrænu félögin munu eiga fulltrúa í hópnum. Af hálfu FLE mun formaður Menntunarnefndar félagsins, Páll Gréтар Steingrímsson, sækja fundinn.

- **Námskeið fyrir löggildingarnema.** Stefnt er að því að félagið standi fyrir námskeiðum fyrir þá nema sem hyggjast þreyta löggildingarpróf. Það er skoðun stjórnar að æskilegt sé að félagið verði meiri vettvangur fyrir slíkt en verið hefur þótt endurskoðunarstofurnar leggi auðvitað sitt af mörkum eins og hingað til. Ekki liggur ennþá fyrir hvenær þessi námskeið verða haldin eða hverjir koma til með að sjá um þau.

- **Styrkir til framhaldsnáms í endurskoðun og reikningsskilum.** Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt tillaga stjórnar um skipun starfshóps sem geri tillögur um framlög FLE til að styrkja endurskoðendur til framhaldsnáms í endurskoðun og reikningsskilum. Starfshópurinn skal móta tillögur um það hversu mikla fjármuni félagið skuli leggja fram í þessu skyni og einnig reglur um styrkveitingar og framkvæmd að öðru leyti í



Guðmundur Snorrason
Formaður FLE

samráði við forsvarsmenn þeirra háskóla-deilda sem hafa upp á að bjóða bóklegt nám til undirbúnings löggildingar. Stjórn félagsins hefur nú skipað fimm manna starfshóp félagsmanna í samræmi við samþykkt aðalfundar. Hann skipa Símon Á. Gunnarsson, sem leiðir starfshópsins, Anna Kristín Traustadóttir, Ólafur B. Kristinsson, Sigurður Tómasson og Stefán Svavarsson. Stjórn félagsins leggur áherslu á að starfshópurinn skili tillögum sínum sem fyrst þannig að unnt verði að leggja þær fyrir félagsfund FLE til samþykktar. Þótt endanlegar tillögur starfshópsins liggja ekki fyrir er ljóst af samþykkt aðalfundar hver vilji félagsmanna er. Stjórn félagsins hvetur því þá sem hugsanlega hefðu áhuga á að fara í framhaldsnám og nýta sér aðkomu FLE í því sambandi að hafa sem fyrst samband við stjórnarmenn eða fulltrúa starfshópsins.

Nýjar siðareglur

Siðanefnd FLE vinnur nú að nýjum siðareglum fyrir félagið. Núgildandi samskiptareglur félagsins eru frá árinu 1994. Samkvæmt 15. gr. laga um endurskoðendur skal Félag löggiltra endurskoðenda setja siðareglur fyrir endurskoðendur. Að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla endurskoðendur. Við mótun nýrra siðareglna verður einkum stuðst við reglur sænska félagsins. Norsku reglurnar munu líka koma til skoðunar og einnig siðareglur IFAC og þá einkum 8. kafli þeirra þar sem fjallað er um óhæði endurskoðenda. Það er von stjórnar FLE að unnt verði að kynna tillögur að nýjum siðareglum fyrir félagsmönnum ekki síðar en á vormánuðum. Stefnt er að því að bera endanlegar tillögur undir félagsmenn á næsta aðalfundi í nóvember 2003.

Gæðaeftirlit

Gæðamálin verða áfram í brennidepli hjá félaginu eins og á undanföllum árum. Unnið verður að því að kynna gæðahandbókina sem Endurskoðunarnefnd FLE lagði fram á síðasta aðalfundi. Eins og samþykkt var á aðalfundinum mun gæðanefnd standa fyrir skoðun á gæðastjórnunarkerfum hjá endurskoðendum á starfsárinu. Jafnframt mun hún móta reglur um gæðaeftirlit til framtíðar sem uppfylli þær lágmarkskröfur sem fram koma í tilmælum EB.

Útgáfumál – Heimasíða

Gert er ráð fyrir að útgáfumál verði með svipuðum hætti á liðnu starfsári. Þó verður reynt að bæta aðgengi að upplýsingum á heimasíðunni. Stefnt er að því að gefa út þrjú tölublöð FLE fréttu á starfsárinu.

Breytingar á lögum um ársreikninga – Afnáam heimildar til verðleiðréttra reikningskila frá og með árinu 2003

Fyrir Alþingi hefur nú verið lagt frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga. Frumvarpinu er m.a. ætlað að færa lög til þess horfs að þau uppfylli kröfur fjórðu og sjöundu tilskipunar ESB.

Þá er athyglisvert að gert er ráð fyrir því að bráðabirgðaákvæði það sem sett var inn í lögum á sl. ári og heimilaði verðleiðrétt reikningskil á árunum 2002 og 2003 nái nú aðeins til ársins 2002. Þessi breyting er skýrð með því að við setningu bráðabirgðaákvæðisins, sbr. lög nr. 133/2001, hafi verið nokkur verðbólga og því þótt nokkur óvissa um lækun hennar á þeim tíma. Bæði reikningskilaráð og Kauphöll Íslands hf. hafi lýst yfir óánægju sinni með þetta ákvæði þar sem það gefi tilefni til ósamræmis í uppgjörum félaga. Þar sem verðbólga hafi verið á niðurleið og komist í viðunandi horf sé ekki talin ástæða til að láta þetta ákvæði ná yfir nema yfirstandandi reikningsár.

Félag löggiltra endurskoðenda fagnar þessum tillögum með sömu röksemdum og þarna er vísað til.

Félagi heiðraður

Á háskólahátíð sem haldin var þann 26. október sl. var félagi okkar, Stefáni Svavarsyni, veitt viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi, ásamt tveimur öðrum starfsmönnum Háskólans. Í greinargerð valnefndar segir m.a. „að afburðaárangur Stefáns um áratuga skeið í kennslu staðfestist m.a. í sterkri stöðu endurskoðenda frá Háskóla Íslands við störf hérlendis og erlendis og við framhaldsnám erlendis.“

Félag löggiltra endurskoðenda óskar Stefáni til hamingju með þannan verðskuldaða heiður.

Eins og oftast áður munu mörg brýn og spennandi verkefni koma til kasta félagsins á næstunni. Ég er viss um að allt það áhugasama fólk sem valist hefur til starfa fyrir félagið mun ekki liggja á liði sínu við úrvinnslu þeirra verkefna. Ég trúir því að afraksturinn verði í samræmi við það.

Ég þakka félagsmönnum fyrir einkar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða og óska þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla.



Gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Félag löggiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gleðilega jólahátíð og gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.

*Stjórn FLE
Ritnefnd FLE*

Fráteknar dagsetningar

Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 8. janúar 2003 kl. 12
Skattadagur FLE, Salurinn-Tónlistarhús Kópavogs föstudagur 17. janúar 2003 kl. 13-17
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. febrúar 2003 kl. 12
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. mars 2003 kl. 12
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. apríl 2003 kl. 12
Endurskoðendadagur FLE, Salurinn Tónlistarhús Kópavogs, föstudagur 11. apríl 2003 kl. 13-17
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. maí 2003 kl. 12
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. júní 2003 kl. 12
Haustáðstefna, aðalfundur FLE, Hótel KEA, Akureyri, laugardagur 8. nóvember 2003
Árshófi FLE, Hótel KEA, Akureyri, laugardagur 8. nóvember 2003



Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2002

Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda var haldinn í þingsölum 1 – 4 á Hótel Loffleiðum, laugardaginn 9. nóvember 2002.

Á fundinum var fjallað um fagleg málefni félagsins auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf.

Þetta gerðist:

1. Kosning fundarstjóra

Guðmundur Snorrason, formaður félagsins setti fundinn. Gerði hann tillögu um að Sveinn Jónsson (KR) stýrði fundinum og var tillaga hans samþykkt. Fundarstjóri kannaði hvort löglega hefði verið boðað til fundarins og lýsti síðan fundinn lögmætan. Fundarstjóri tilnefndi ritara stjórnar félagsins, Halldór Arason, sem fundarritara.

Tekin voru til afgreiðslu fagleg málefni.

Siðanefnd – Tillögur að nýjum siðareglum FLE – Helstu nýmæli

Helena Hilmardóttir kynnti starf nefndarinnar. Siðanefndin hefur á árinu fylgst með starfi norrænu endurskoðendafélaganna við innleiðingu siðareglna í samræmi við reglur IFAC, Code of Ethics for Professional Accountants. Hægt hefur miðað í þeim efnum og hafa stjórn FLE og nefndin því horfið frá því að bíða eftir niðurstöðum þeirrar vinnu. Á næsta starfsári mun nefndin semja drög að nýjum siðareglum fyrir FLE, sbr. 15. gr. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur. Við vinnuna verður stuðst við gildandi siðareglur í Svíþjóð og Noregi, reglur IFAC auk þess sem leitast verður að innleiða tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um óhæði endurskoðenda.

Endurskoðunarnefnd – Tillögur að gæðahandbók

Sveinn Arason kynnti „Endurskoðunarferill – drög að gæðahandbók“ sem endurskoðunarnefndin hefur unnið að á liðnu starfsári. Sveinn sagði forsögu málsins þá að stjórn FLE hefði lagt til á árinu 2001 að endurskoðunarnefnd og gæðanefnd félagsins hefðu samráð við gerð handbókar sem ætluð væri til leiðbeiningar við endurskoðun. Þessi handbók mun fyrst og fremst gagnast þeim endurskoðendum sem ekki byggju við samræmt kerfi til notkunar við endurskoðun. Handbókin er ætluð til leiðbeiningar um endurskoðunarferilinn og er byggð á alþjóðlegum stöðlum um endurskoðun, ISA, sem settir hafa verið af Alþjóðasambandi endurskoðenda, IFAC. Uppsetning handbókarinnar er þannig háttað að undir hverjum lið er stutt lýsing á helstu atriðum í endurskoðunarferlinum, síðan er vísað í alþjóðlega staðla og leiðbeinandi reglur FLE um endurskoðun eftir því sem við á.

Sveinn sagði að lokum að líta verði á þetta sem frumgerð handbókarinnar og óskaði eftir athugasemdum vegna hennar svo hægt væri að þróa hana áfram.

Gæðanefnd – Tillögur að gæðamálum til framtíðar

Davíð Einarsson flutti skýrslu gæðanefndar. Hann byrjaði á að rifja upp tillögur gæðanefndar frá síðasta aðalfundi, sem voru fjórar. Endurskoðunarnefndin hefði tekið að sér tillögu 1., gerð gæðahandbókarinnar sem hún var að kynna hér áðan. Tillögur 2. og 3. um „gerð vinnuspjaldra í endurskoðunarmöppur“ og

„kynningu á gæðahandbókinni“ var ekki hægt að vinna fyrir en handbókin lægi fyrir svo að megin viðfangsefni nefndarinnar var vinna við útfærslu á reglum um gæðaeftirlit FLE. Nefndin aflaði sér upplýsinga um sambærilegar reglur og framkvæmd þeirra frá nokkrum öðrum löndum. Töluvert mismunandi er milli landa hvernig gæðaeftirlitið er útfært og hve umfangsmikið það er. Nefndin tók til skoðunar tilmæli framkvæmdastjórnar EB frá 15.11.2000 og fór Davíð yfir þær reglur nokkuð ítarlega. Þar kemur m.a. fram að fagfélög endurskoðenda geti ekki alfarið staðið að gæðaeftirlitinu. Í framhaldi af því lagði Davíð fram „Tillögur gæðanefndar um næstu skref í gæðamálum.“

Miklar umræður spunnust í framhaldi af tillögum gæðanefndarinnar og tóku eftirtaldir til máls:

Símon Gunnarsson sagði að varlega þurfi að fara í sakirnar með gæðaeftirlitið, það þurfi að vera uppbyggilegt og að félagið ætti að stýra eftirlitinu sjálft. Óþarfi væri að kalla til ríkisvaldið að svo komnu máli. Símon kom með breytingartillögu við tillögu gæðanefndar.

Guðmundur Snorrason tók undir að gæðaeftirlitið yrði að vera uppbyggilegt og ef um yrði að ræða samstarf milli FLE og stjórnvalda um gæðaeftirlit, þá verður allt frumkvæði og tillögugerð að koma frá FLE.

Margrét Flóvenz tók undir að frumkvæði þurfi að vera hjá FLE. Félagið eigi að setja sér sjálft siðareglur og gæðaeftirlitsreglur, en ekki stjórnvöld.

Þorvarður Gunnarsson sagði að frumkvæðið hafi verið hjá FLE og eigi að vera það áfram.

Gæðaeftirlitið á að vera innan FLE og það rúmast innan núgildandi laga.

Ólafur Kristinsson tók undir framkomna breytingartillögu og lagði fram orðalagsbreytingar á tillögum gæðanefndarinnar.

Fundarstjóri bar upp framkomnar tillögur um breytingu á tillögum gæðanefndarinnar og voru þær samþykktar. Eftir þær breytingar voru tillögurnar eftirfarandi:

- Gæðanefndin móti reglur til framtíðar um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og framkvæmd þess sem uppfylli þær lágmarkskröfur sem fram koma í tilmælum framkvæmdastjórnar EB frá 15. nóvember 2000.
- Á árinu 2003 fari fram könnun á gæðastjórnunarkerfum þeirra endurskoðunarskrifstofa sem hafa eigið gæðastjórnunarkerfi. Niðurstaðan af skoðunni verði kynnt á aðalfundi félagsins 2003.
- Á árinu 2004 nái gæðaeftirlitið til allra starfandi endurskoðenda, á grundvelli þeirra reglna sem mótaðar verða.

Menntunarnefnd – Skil á endurmenntunareiningum

Margrét Flóvenz kynnti skil á endurmenntunareiningum. Hún rifjaði upp að skv. reglugerðinni þá miðuðust skilin við 90 einingar á þriggja ára tímabili og að skila ætti árlega gögnum vegna þessa til skrifstofu FLE. FLE heldur skrá yfir innsendar einingar og gerir skil á þeim til Fjármálaráðuneytisins. 93% félagsmanna skiluðu inn upplýsingum um endurmenntunareiningar sínar til skrifstofu FLE, en 7% ekki. Af þeim sem skiluðu inn endurmenntunareiningum voru nokkrir sem voru undir 90 einingum sem eru viðmiðunarmörkin. Samtals voru því 31 félagsmaður sem annað hvort skiluðu ekki inn endurmenntunareiningum eða voru undir 90 eininga markinu. Margrét sagði að ráðuneytið tæki sérstaklega fyrir hvert mál og t.d. væru af framangreindum 31 félagsmanni, þrír sem væru komnir á aldur, þrír hafa lagt inn starfsleyfi sitt og tólf eru ekki með starfsábyrgðartryggingu. Ráðuneytið hefur skv. reglugerðinni, ef annað bregst, heimild til að svipta endurskoðendur starfsleyfi sínu.

Nokkrar fyrirspurnir komu til Margrétar utan úr sal um skil á endurmenntunareiningum sem hún svaraði greiðlega.

2. Skýrsla stjórnar

Guðmundur Snorrason, formaður félagsins gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári. Hann kom fyrst inn á hvað einkenndi umhverfi okkar á starfsárinu og nefndi í því sambandi, veigamiklar skattabreytingar, afnám verðleiðréttra reikningsskila, heimild til að færa bókhald í erlendri mynt, fjármála-hneyksli einkum í Bandaríkjunum, gjaldþrot Enron og andlát Arthur Andersen. Hann rifjaði upp skipan núverandi stjórnar sem skipuð er honum sjálfum sem formanni, Sigurði B. Arnþórssyni varaformanni, Helgu Harðardóttur gjaldkera, Halldóri Arasyni ritara og Guðmundi R. Óskarssyni. Guðmundur fór næst yfir störf nefnda FLE á síðasta starfsári og þakkaði þá góðu vinnu sem þar hefur verið unnin. Því næst fór Guðmundur yfir þá fundi og ráðstefnur sem FLE stóð fyrir á liðnu starfsári, en auk hefðbundinna funda má nefna ráðstefnuna í London og fræðslufund með fulltrúa EB um innleiðingu alþjóðlegra reikningskilastaðla. Þátttaka var mjög góð á hádegisverðarfundum félagsins og hefur verið aukning á þátttöku milli ára. Formaðurinn fór yfir útgáfumál, heimasíðu og endurmenntun. Þrjú tölublöð FLE fréttu komu út á starfsárinu. Heimasíða FLE var með svipuðu sniði og hefur enskur texti verið settur inn á síðuna. Fyrsta þriggja ára tímabili einingasöfnunar skv. reglugerð um endurmenntun endurskoðenda lauk í árslok 2001 og náðu langflestir félagsmenn tilsettu marki. Samstarf við Endurmenntunarföndun HÍ var eins og á liðnum árum. Næst tæpti Guðmundur á samskiptum við opinbera aðila og sagði að Jóhann Unnsteinsson hafi verið skipaður sem fulltrúi FLE í nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins sem vinnur að endurskoðun ársreikningalaga. Formaður FLE er fulltrúi félagsins í svokallaðri „álagningarnefnd“ sem einnig er á vegum sama ráðuneytis. Þeirri nefnd er ætlað að skoða tímasetningar álagningar opinberra gjalda, jafnt á einstaklinga sem lögaðila. Formaðurinn kom inn á erlend samskipti á árinu og nefndi í því sambandi að ársfundur Norræna endurskoðendasambandsins, NRF, var haldinn í ágústmánuði á Svalbarða og sóttu formaður og varaformaður FLE þann fund. Ársfundur Nor-

rænu endurskoðunarnefndarinnar NRK var haldinn í Kaupmannahöfn í ágústmánuði og sóttu fundinn tveir fulltrúar endurskoðunarnefndar FLE. Á árinu fjölgaði félagsmönnum FLE um 11 og eru nú 268 talsins, en á árinu hlutu 13 aðilar löggildingu sem öll óskuðu efir inngöngu í félagið. Einn félagi andaðist á árinu, Þórhallur L. Stígsson. Formaður vakti athygli á störfum nefnda félagsins, en fundarfjöldi hjá einstakri nefnd fór upp í 25 fundi á síðasta starfsári. Ómetanlegt starf sem vert er að þakka, en varpaði jafnframt fram þeirri spurningu, hvort væri kominn tími til að huga að ráðningu endurskoðanda í starf hjá félaginu? Í þessu sambandi miðlaði hann til fundarmanna upplýsingum um fjölda starfsmanna hjá norrænu félögum. T.d. eru félagsmenn í norska félaginu 3.153, fjöldi starfsmanna þar er um 35 og árgjöld 86 þús.kr. Fjöldi félagsmanna í danska félaginu eru 2.708, fjöldi starfsmanna um 20 og árgjöld um 100 þús.kr. Aftur á móti á Íslandi er einn starfsmaður í 60% starfi, en félagsmenn 268. Getum við dregið einhverjar ályktanir af þessum niðurstöðum, spurði formaðurinn. Guðmundi vék næst að rekstri og fjárhagsstöðu FLE. Afkoma félagsins var góð á síðasta starfsári, tekjuafgangur 3,2 mkr. og eigið fé félagsins er 33,1 mkr. í lok starfsársins. Er kominn tími til að nota eitthvað að fjármunum félagsins til að treysta faglegan grundvöll stéttarinnar, spurði Guðmundur og fór yfir ákvæði í samþykktum félagsins þar sem fram kemur að ekki eigi að reka FLE í hagnaðarskyni, heldur skuli nota allar eignir og tekjur félagsins til að vinna að markmiði þess. Í framhaldi að þessu fór Guðmundur yfir tillögur starfshóps um breytingar á fyrirkomulagi náms til löggildingar endurskoðunarstarfa, þar sem m.a. var lagt til að nemar skuli hafa lokið M.Sc. gráðu í reikningshaldi og endurskoðun, þ.e. 5 ára námi. Fram hefur komið hjá Ágústi Einarssyni, deildarforseta Viðskipta- og hagfræðideildar HÍ að þessar tillögur hafi ekki enn fengið brautargengi, fyrst og fremst vegna þess að deildin hefur ekki á að skipa nægilega mörgum hæfum kennurum. Formaður sagði að tillögur stjórnar FLE um að nota hluta af fjármunum félagsins til að treysta menntunargrundvöll endurskoðunarstéttarinnar yrðu lagðar fram síðar á fundinum.



Í lok máls síns vék formaður að verkefnum framundan hjá félaginu og nefndi í því sambandi, aðkomu félagsins að styrkja endurskoðendur til framhaldsnáms, mótun og þróun gæðaeftirlits hjá félagsmönnum, gerð nýrra síðareglna, að félagið standi fyrir námskeiðum fyrir nema í endurskoðun, endurskoðun á samþykktum FLE og nauðsyn þess að standa fyrir kynningu á alþjóðlegum reikningskilastöðlum. Þá þarf að huga að ímynd stéttarinnar svo eitthvað sé nefnt.

3. Lagður fram ársreikningur félagsins til afgangslausu

Sigurður B. Arnþórsson, varaformaður félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár.

Rekstrartekjur félagsins námu 21,1 millj.kr., rekstrargjöld 19,7 millj.kr. og fjármunaliðir voru jákvæðir um 1,8 millj.kr. Tekjur umfram gjöld á tímabilinu voru því 3,2 millj.kr. Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi námu 34,5 millj.kr. og skuldir 1,4 millj.kr. Eigið fé nemur 33,1 millj.kr.

Fram kom hjá Sigurði að áætlun fyrir starfsárið gerði ráð fyrir hagnaði að fjárhæð 0,5 millj.kr. og skýringar á betri afkomu í raun væru að tekjur af námskeiðum hefðu verið mun hærrí en áætlanir hefðu gert ráð fyrir og einnig var fjármunamyndun af verðbréfaeign félagsins hærrí en áætlað var.

Fundarstjóri bauð nú upp á fyrirspurnir og umræður vegna skýrslu stjórnar og ársreikningsins.

Stefán Svavarsson kvaddi sér hljóðs og minnti á að það hafi verið HÍ sem hafði frumkvæði af því að starfshópur var skipaður til að gera tillögur um breytingar á menntun endurskoðenda. Stefán sagði að ekki væri skynsamlegt að stytta námið í þrjú ár hér þegar aðrir væru að lengja námið í fimm ár. Það sem vantar eru fleiri hæfir kennarar í viðskiptadeildina til þess að hægt sé að lengja námið í fimm ár. Stefán benti á að enginn doktor væri á Íslandi á sviði reikningshalds eða endurskoðunar. Stefán sagðist fagna því að FLE ætli að styðja við þá sem færu í slíkt nám. Stefán kom einnig inn á að greiðsla FLE til fyrirlesara væri allt of lág og benti á að hagnaður af námskeiðum hafi verið verulegur. Einnig benti Stefán á að ársreikningur

FLE væri ekki til fyrirmyndar og að þar væri ýmislegt sem betur mættu fara og benti í því sambandi á nokkur atriði.

Símon Gunnarsson var sammála um að greiða ætti hærrí þóknun til fyrirlesara hjá FLE. Varðandi ársreikninginn benti Símon á að sá halli sem hafi orðið á ferðinni til London hafi að miklu leyti verið vegna gengistaps.

Sigurður B. Arnþórsson þakkaði Stefáni góðar ábendingar varðandi ársreikning félagsins.

Að loknum þessum fyrirspurnum var ársreikningur félagsins samþykktur samhljóða.

4. Skýrslur fastanefnda

Álitsnefnd:

Guðmundur Snorrason kynnti starf Álitsnefndar og sagði hana hafa haldið 5 bókaða fundi þar sem 17 mál voru til umfjöllunar en vísaði að öðru leyti til ársskýrslunnar.

Endurskoðunarnefnd:

Sveinn Arason fór yfir starfsemi nefndarinnar í aðalatriðum og sagði að fundir nefndarinnar hefðu verið 25, en nánar er fjallað í ársskýrslu um störf endurskoðunarnefndar.

Reikningsskilanefnd:

Jóhann Unnsteinsson kynnti verkefni nefndarinnar. Hann fór yfir skýrslu nefndarinnar sem er í ársskýrslunni. Jóhann sagði að til nefndarinnar væri komin ósk frá ASÍ um samræmingu á reikningsskilum sersambanda innan þess og fyrir lægi að fara yfir frumvarp um breytingar á ársreikningalögum.

Menntunarnefnd:

Margrét Flóvenz kynnti störf menntunarnefndar og vísaði til ársskýrslunnar. Á starfsárinu hélt nefndin 23 bókaða fundi og meginverkefni nefndarinnar var sem fyrr undirbúningur og umsjón með ráðstefnum og námskeiðum FLE auk þess sem endurmenntunareiningar eru á borði nefndarinnar. Margrét var ánægð með aðsókn að þeim fundum og ráðstefnum sem nefndin stóð að.

Ritnefnd:

Ágúst Jóhannesson kynnti störf ritnefndar og vísaði til ársskýrslunnar. Á síðasta starfsári voru

gefin út 3 tölublöð FLE-frétta. Ágúst kvað það hafa gengið vel að fá greinar í blaðið bæði frá félagsmönnum sem öðrum. Félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar til nefndarinnar um efni í FLE-fréttir eða hvaðeina sem betur mætti fara t.d. á heimasíðunni.

Skattanefnd:

Aðalsteinn Hákonarson kynnti störf nefndarinnar og vísaði til ársskýrslunnar. Álitsnefnd FLE hafi vísað einu máli til skattanefndar, nefndin hafi tekið þátt í undirbúningi Skattadags FLE og fundir voru með ríkisskattstjóra um frestmál.

Gæðanefnd:

Davíð Einarsson sagði að nefndin hefði haldið 10 fundi á árinu og vísaði til skýrslu nefndarinnar sem flutt var á aðalfundinum og til ársskýrslunnar.

Stjórnartillaga um að treysta menntunargrundvöll endurskoðunarstéttarinnar:

Guðmundur Snorrason lagði nú fram og kynnti tillögur stjórnar FLE um að nota hluta af fjármunum félagsins til að treysta menntunargrundvöll endurskoðunarstéttarinnar. Tillögur stjórnar FLE eru eftirfarandi:

- Lagt er fyrir þennan aðalfund FLE að hann veiti stjórn félagsins heimild til að skipa starfshóp sem móti tillögur um að nota hluta af fjármunum félagsins til að styrkja endurskoðanda eða endurskoðendur til framhaldsnáms í endurskoðun eða reikningshaldi. Styrkþegi skuldbindi sig til að hafa kennslu í þessum greinum á háskólastigi að aðalstarfi að námi loknu.
 - Þegar starfshópurinn hefur mótað tillögur um fjárhæð framlags og framkvæmd styrkveitinga skulu tillögurnar, svo fljótt sem verða má, lagðar fyrir félagsfund FLE til samþykktar.
 - Það er mat stjórnar FLE að frumkvæði félagsins í þessum efnem sé nauðsynlegt til að tryggja það að fagleg kunnátta stéttarinnar standist jafnan samanburð við það sem best gerist.
- Ólafur Nilsson tók til máls undir þessum lið og taldi að það væri vilji hjá félagsmönnum að ráðstafa eignum FLE til menntunarmála og

beindi því til stjórnar að 25 mkr. færu í sérstakan menntunarsjóð. Aðrir sem tóku til máls vegna tillögunnar voru Gunnar R. Einarsson, Stefán Svavarsson og Atli Hauksson.

Fundarstjóri bar síðan upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Engar tillögur hafa borist.

6. Kosning formanns

Tillaga uppstillinganefndar um að Guðmundur Snorrason yrði kjörinn sem formaður félagsins var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

7. Kosning varaformanns

Tillaga uppstillinganefndar um að Sigurð B. Arnþórsson sem varaformann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

8. Kosning meðstjórnanda

Tillaga uppstillinganefndar um Jóhann Unnsteinsson og Ómar Kristjánsson til tveggja ára var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

9. Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Tillaga uppstillinganefndar um Einar H. Einarsson sem endurskoðanda og Guðmund Jólsson sem varaendurskoðanda var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

10. Kosning tveggja aðalmanna og varamanns í Álitsnefnd samkvæmt 12. gr. félags-samþykktu

Tillaga uppstillinganefndar um Þorvarð Gunnarsson og Þorstein Haraldsson sem aðalmennt og Guðmund Óskarsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

11. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Heimi Þorsteins-son til þriggja ára og Magnús Örn Ragnarsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

12. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Knút Þórhalls-son til þriggja ára og Friðrik Jóhannsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

13. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Þóri Ólafsson til þriggja ára og Kristrínu Helgu Ingólfssdóttur sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

14. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Ómar H. Björnsson til þriggja ára og Hólmgrím P. Bjarnason sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

15. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Guðmund J. Þorvarðarson til þriggja ára og Birki Leóson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

16. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Óskar Sverrisson til þriggja ára og Sif Einarsdóttur sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

17. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár

Sigurður B. Arnþórsson gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnarinnar:

Stjórn félagsins gerir tillögu um að árstíllag félagsmanna verði 48.000 kr. á starfsárinu 1. september 2002 til 31. ágúst 2003. Skýrði hann framlagða rekstraráætlun næsta árs sem miðast við tillöguna um árstíllag.

Árstíllag að fjárhæð kr. 48.000 var samþykkt einróma.

18. Önnur mál

Guðmundur Snorrason, endurkjörinn formaður, kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir traustið sem sér væri sýnt. Hann sagði að hann hefði haft gaman af starfinu á liðnu ári sem formaður og vissi að mörg verkefni væru framundan sem taka þurfi á. Guðmundur þakkaði fyrir ánægju-legt samstarf á liðnu ári við stjórn, nefndir og starfsmann félagsins.

Sveinn Jónsson þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetu og sleit fundi kl. 17:10.

Fundarstjóri var Sveinn Jónsson endurskoðandi hjá KPMG

Fundarritari var Halldór Arason endurskoðandi hjá Deloitte & Touche

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 – 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@fle.is

Heimasíða: www.fle.is



Stjórn og nefndir 2002–2003

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2002–2003



Félagsstjórn FLE 2002-2003 frá vinstri: Ómar Kristjánsson meðstjórnandi, Sigurður B. Arnþórsson varaformaður, Guðmundur Snorrason formaður, Helga Harðardóttir gjaldkeri og Jóhann Unnsteinsson, ritari



Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Magnús Örn Ragnarsson, Hildur Árnadóttir, Heimir Þorsteinsson og Jón Arnar Baldurs

Félagsstjórn

Guðmundur Snorrason, formaður
Sigurður B. Arnþórsson, varaformaður
Helga Harðardóttir, gjaldkeri
Jóhann Unnsteinsson, ritari
Ómar Kristjánsson, meðstjórnandi

Álitsnefnd

Guðmundur Snorrason, formaður
Sigurður B. Arnþórsson
Símon Á. Gunnarsson
Þorsteinn Haraldsson
Þorvarður Gunnarsson
Guðmundur Óskarsson, varamaður

Endurskoðendur

Einar H. Einarsson, endurskoðandi
Guðmundur Jólsson, varaendurskoðandi



Ritnefnd FLE frá vinstri: Sigurður M. Jónsson, Ómar H. Björnsson, Hólmgrímur Bjarnason og Ágúst Jóhannesson



Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Þórir Ólafsson, Kristrún Helga Ingólfssdóttir, Páll Grétar Steingrímsson og Gerður Guðjónsdóttir

Menntunarnefnd

Páll Grétar Steingrímsson, formaður
Gerður Guðjónsdóttir
Þórir Ólafsson
Kristrún Helga Ingólfssdóttir, varamaður

Ritnefnd

Ágúst Jóhannesson, formaður
Sigurður M. Jónsson
Ómar H. Björnsson
Hólmgrímur Bjarnason, varamaður

Gæðanefnd

Hjördís Ásberg, formaður
Ásbjörn Björnsson
Óskar Sverrisson
Sif Einarsdóttir, varamaður

Endurskoðunarnefnd

Hildur Árnadóttir, formaður
Jón Arnar Baldurs
Heimir Þorsteinsson
Magnús Örn Ragnarsson, varamaður

Reikningsskilanefnd

Vignir Rafn Gíslason, formaður
Jón S. Helgason
Knútur Þórhallsson
Friðrik Jóhannsson, varamaður

Skattanefnd

Aðalsteinn Hákonarson, formaður
Gunnlaugur Kristinsson
Guðmundur Jens Þorvarðarson
Birkir Leósson, varamaður



Skattanefnd FLE frá vinstri: Guðmundur Jens Þorvarðarson, Birkir Leósson, Aðalsteinn Hákonarson og Gunnlaugur Kristinsson



Gæðanefnd FLE frá vinstri: Óskar Sverrisson, Sif Einarsdóttir, Hjördís Ásberg og Ásbjörn Björnsson



Reikningsskilanefnd FLE frá vinstri: Friðrik Jóhannsson, Vignir Rafn Gíslason, Knútur Þórhallsson og Jón S. Helgason



Haustráðstefna FLE

Af störfum menntanefndar er það að fréttu að í haust var unnið að undirbúningi haustráðstefnunnar og nú er rétt ólokið vinnu við skattadag félagsins sem haldinn verður þann 17. janúar næstkomandi.

Haustráðstefna

Árleg haustráðstefna félagsins var haldin dagana 8. og 9. nóvember og var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár að fyrri dagur hennar var öllum opin en síðari dagurinn eingöngu ætlaður félagsmönnum. Aðsókn að ráðstefnunni var mjög góð og voru ráðstefnugestir alls um 225 fyrri daginn.

Á fyrri degi ráðstefnunnar var fjallað um lífeyrismál, fjármálamarkaðinn og sprotafyrirtæki. Ráðstefnan hófst á ávarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur.

Lífeyrismál

Í fyrsta hluta ráðstefnunnar var fjallað um lífeyrismál og þá aðallega um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og samfélagslegt hlutverk þeirra sem stærsta vörsluaðila sparifjár landsmanna.

Þeir fyrirlesarar sem fjölluðu um þessi mál voru Albert Jónsson forstöðumaður eignastýringar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og Már Guðmundsson, aðal-
hagfræðingur Seðlabanka Íslands.

Albert fjallaði um fjárfestingar og fjárfestingarstefnu og heimildir lífeyrissjóða og eignastýringu þeirra. Í hans máli kom fram að samsetning eigna lífeyrissjóða komi til með að breytast mikið á næstu árum og mun vægi innlendra fjárfestinga minnka til muna. Jafnframt muni eignir lífeyrissjóða aukast mjög og nema um 150% af landsframleiðslu í kringum árið 2050 frá því að vera rúmlega 80% af landsframleiðslu í árslok 2001. Meðalraunávöxtun síðastliðinna 10 ára hefur að meðaltali verið 5,9% sem telst mjög gott í alþjóðlegu samhengi.



Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Gylfi fór yfir uppbyggingu tryggingaverndar á Íslandi og hlutverk aðila vinnuamarkaðar og stjórna lífeyrissjóðar í henni. Hann fjallaði einnig um afskipti lífeyrissjóða af rekstri fyrirtækja og sagði það engan vafa að lífeyrissjóðir ættu að hafa slík afskipti. Helstu rök in eru þau að hlutabréfamarkaður hérlendis er of grunnur til að hægt sé að greiða atkvæði með fótunum og að dauð atkvæði leiddu til þess að aðrir hluthafar hefðu óeðlilega mikil áhrif með litlum tilkostnaði. Hins vegar sagði Gylfi að lífeyrissjóðir ættu að setja sér frekari reglur um aðkomu sjóðanna að stjórnun þeirra fyrirtækja sem þeir hafa fjárfest í.

Már Guðmundsson velti upp þeirri spurningu hvort lífeyrissjóðirnir hafi burði til að verða meginstoð lífeyriskerfis landsmanna og komst að því að svo væri að öllu óbreyttu. Staða þeirra væri á heildina litið traust og útlit væri á því að þeir stækkuðu til muna á næstu árum. Ávöxtun og áhættustýring skipti þó lykilmáli í þeim áætlunum.

Fjármálamarkaðurinn

Því næst var fjallað um fjármálamarkaðinn og þess hvernig væntingar til markaðarins hafa breyst á síðustu árum. Um þetta efni fjölluðu þau Páll Harðarson, forstöðumaður rekstrar-
sviðs hjá Kauphöll Íslands hf. og Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbanka Íslands hf.

Erindi Páls hét „Áhrif hlutabréfaverðs á hagsveifluna“ og í því velti Páll fyrir sér eftir hvaða leiðum hlutabréfaverð hefur áhrif á innlenda eftirspurn og framleiðslustig. Jafnframt fjallaði hann um stærð hlutabréfamarkaðarins í þjóðhagslegu samhengi og sveiflur í hlutabréfaverði.

Edda Rós fjallaði um hvernig verðbrefamarkaðurinn hefur skipt sköpum fyrir þróun fyrirtækja og fyrir opnari aðgangi að fjármagni lífeyrissjóða. Í máli hennar kom fram að einkavæðing hefði blásið lífi í markaðinn en eftir sveiflur á markaðnum á síðustu misserum væru margir fjárfestar horfnir sem kæmi niður á verð-

mynduninni. Edda Rós sagði að á þeim tíma sem fjármálamarkaður hefði verið starfandi á Íslandi hefði mikil þekking byggst upp og á næstu árum spáir hún að smæstu og veltu-minnstu fyrirtækin muni hverfa út af markaðnum og fjárfestar yrðu vandlátari á nýskráningar fyrirtækja. Jafnframt að stærstu fyrirtækin yrðu í auknari mæli skráð erlendis nálægt markaðssvæðum sínum, fjárfestum myndi fjölga aftur og verðmyndun með því skilvirkari.

Sprotafyrirtæki

Í síðasta hluta ráðstefnunnar var fjallað um srotafyrirtæki og afdrif þeirra í þeim sveiflum sem orðið hafa á hlutabréfamarkaði síðustu misserin.

Um þennan þátt ráðstefnunnar fjölluðu þeir Úlfar Steindórsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Rúnar Ómarsson, framkvæmdastjóri Nikita ehf. og Magnús Schewing framkvæmdastjóri Latabæjar ehf.

Úlfar fjallaði um hlutverk Nýsköpunarsjóðs í fjármögnun srotafyrirtækja og þá reynslu sem orðið hefur af starfsemi sjóðsins frá stofnun hans. Þeir Rúnar og Magnús lýstu eigin reynslu sem frumkvöðlar. Í erindi Rúnars kom m.a. fram að oft getur verið miklum erfiðleikum bundið að fá áhættufjármagn, í raun svo að fjárfestar eru jafnvel ekki tilbúnir að leggja fram fé nema fyrir liggi fullbúin vara, framleiðslutæki og sölusamningar og mesta áhættan því liðin hjá. Í máli Magnúsar koma fram að fjárfestar leggi sig oft lítt fram um að setja sig inni þá hugmynd sem fyrir þá er lögð sem leiði til þess að ekki sé vandað nægilega til valsins þegar ákvarðanir



Margrét G. Flóvenz, Sigurður B. Arnþórsson varaformaður FLE, Ómar H. Björnsson og Guðmundur Snorrason formaður FLE

eru teknar um í hvaða verkefni fé skuli lagt. Þá lýsti hann á liflegan hátt baráttu frumkvöðulsins við að fá viðurkenningu sem fullmótaður fagmaður í viðskiptum því á einhverju stigi hljóti frumkvöðullinn að hætta að vera frumkvöðull.

Síðari hluti ráðstefnunnar

Á síðari degi ráðstefnunnar, sem ætluð var félagsmönnum eingöngu, voru þrjú mál til umfjöllunar. Fyrst ræddu Elva Ósk Wíium, lögfræðingur í Fjármálaráðuneytinu og Ólafur Þór Jóhannesson endurskoðandi hjá PWC um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi hjá

KPMG og Rúnar Bjarni Jóhannsson endurskoðandi hjá Borgarendurskoðun fjölluðu um stöðu FLE og um æskilega þróun félagsins til framtíðar. Að lokum ræddi Jóhann Ingi Gunnarsson um árangurssinnað hugarfar.

Dagskrá vetrarins

Ráðstefnuhald á vegum menntunarnefndar verður á svipuðum nótum í vetur og síðustu ár. Skattadagur félagsins verður haldinn þann 17. janúar og endurskoðendadagurinn þann 11. apríl. Endurmenntunarstofnun mun halda fjölbreytt námskeið í vetur í samstarfi við FLE og hafa þau námskeið sem þegar er lokið flest verið vel sótt.

Haustráðstefna FLE

Ráðgert er að halda haustráðstefnu félagsins og aðalfund á Akureyri í þetta skiptið. Gera má ráð fyrir fjölbreyttri og áhugaverðri dagskrá sem fyrr. Hvetur nefndin félagsmenn til að gera ráð fyrir þessari ferð í áætlunum sínum fyrir komandi ár.

Menntunarnefnd vonast til að eiga gott samstarf við félagsmenn á komandi vetri sem hingað til og góðrar þátttöku í væntanlegum viðburðum.

Menntunarnefnd FLE



Kærkomið kaffihlé



Endurskoðunarferill – drög að gæðahandbók

Inngangur – hvers vegna gæðahandbók

Á fundi Félags löggiltra endurskoðenda þann 9. nóvember síðastliðinn voru lagðar fram og kynntar leiðbeiningar um skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar sem kallaðar voru „Endurskoðunarferill – drög að gæðahandbók“. Stjórn FLE ákvað á fundi sínum í október 2001 að leggja til að endurskoðunarnefnd og gæðanefnd hefðu samráð við gerð handbókar sem ætluð væri til leiðbeiningar við endurskoðun. Þessi handbók ætti fyrst og fremst að gagnast þeim endurskoðendum sem ekki byggju við samræmt kerfi til notkunar við endurskoðun og hefðu ekki yfir að ráða gæðakerfi eins og stærri endurskoðunarfyrirtækin. Endurskoðunarnefnd var falin ábyrgð á þessu verkefni og skyldi það unnið í samráði við gæðanefnd.

Í samræmi við ákvörðun stjórnar setti endurskoðunarnefnd sér það markmið í verkefnaáætlun nefndarinnar fyrir starfsárið 2001-2002 að hún ætlaði sér að útbúa drög að gæðahandbók, fyrir lítil endurskoðunarfyrirtæki og einyrkja, í samvinnu við gæðanefnd félagsins. Gert var ráð fyrir að þetta yrði aðalverkefni nefndarinnar á starfsárinu.

Gerð þessarar handbókar átti sér í raun lengri aðdraganda. Í tengslum við yfirferð gæðanefndar FLE á vinnugögnum félagsmanna í endurskoðuðum verkefnum á árinu 2000 komu fram óskir frá minni endurskoðunarfyrirtækjum og einyrkjum að FLE myndi láta útbúa einhvers konar handbók eða millispiöld sem endurskoðendur gætu notað við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Gæðanefnd félagsins taldi jafnframt að væru slíkar leiðbeiningar fyrir hendi yrði vinna og eftirlit nefndarinnar markvissari en ella. Á aðalfundi FLE 9. nóvember 2001 var lögð fram tillaga, sem síðan var samþykkt, þess efnis:

- Að gæðanefnd FLE, í samvinnu við endurskoðunarnefnd og stjórn FLE, útbúi „gæðahandbók“ til notkunar fyrir þá aðila sem ekki hafa önnur gæðastjórnunarkerfi innan síns reksturs.
- Að gæðanefnd FLE, í samvinnu við endurskoðunarnefnd og stjórn FLE, útbúi „vinnuspjöld“ í endurskoðunarmöppum (árs- og stofnmöppum) til notkunar fyrir þá aðila sem hafa ekki önnur kerfi innan síns reksturs.
- Að gæðanefnd FLE í samvinnu við stjórn FLE standi fyrir námskeiðum eða kynningu á notkun „gæðahandbókar og vinnuspjaldakerfis FLE“

Undirbúningsvinna hófst fljótlega og var ákveðið að afla upplýsinga hjá systurfélögum FLE á Norðurlöndum og í Bretlandi. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að ekki væri til nein fyrirmynd að slíkri handbók sem hægt væri að vinna eftir. Dönsku og norsku félögin hafa þó gefið út leiðbeiningarbæklinga til notkunar við gæðaeftirlit en að mati nefndarinnar var ekki talið fýsilegt að þýða þá bæklinga. Viðbrögð á skrifstofum systurfélaganna voru einfaldlega þau að endurskoðendum væri ætlað að fara eftir alþjóðlegum stöðlum við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar.

Endurskoðunarnefndin ákvað því að setja upp handbók sem ætluð er til leiðbeiningar um endurskoðunarferilinn og endurskoðendur geta byggt starf sitt á og jafnframt auðveldað gæðanefnd eftirlit með því hvernig endurskoðendur skipuleggja starf sitt. Þessi handbók byggir á alþjóðlegum stöðlum um endurskoðun, ISA, sem settir hafa verið af Alþjóðasambandi endurskoðenda, IFAC.

Skipulagning endurskoðunar- gagna

Handbókin skiptist í þrjá meginkafla sem eru; Skipulagning, framkvæmd og lok endurskoð-

unar. Kafllarnir hefjast á tölustafnum 3 sem er í samræmi við uppröðun vinnuskjala um skipulagningu endurskoðunar í ársmöppu samkvæmt E2 „Leiðbeinandi reglur um vinnupappíra löggiltra endurskoðenda“. Ástæða þess að ákveðið er að nota númer samkvæmt þeim reglum stafar af því að þá er mögulegt fyrir endurskoðendur að nota áfram vinnuspjöld sem miðast við þær leiðbeinandi reglur sem í gildi eru. Þessi lýsing á endurskoðunarferlinu gerir það ekki að verkum að nauðsynlegt reynist að breyta því kerfi sem notast hefur verið við í skipulagningu endurskoðunargagna í stofnmöppum og ársmöppum. Þessi handbók um feril endurskoðunar er því í raun viðbót við þær leiðbeinandi reglur sem í gildi eru hjá félaginu.

Uppsetningu handbókarinnar er þannig háttað að undir hverjum lið eru taldir upp helstu liðir sem hafa þarf í huga og skoða þarf á hverju stigi endurskoðunar fyrir sig. Síðan er stutt lýsing á helstu atriðum sem einkenna þann þátt ferilsins og vísað er í alþjóðlega staðla og leiðbeinandi reglur FLE um endurskoðun eftir því sem við á. Í viðauka með handbókinni er síðan listi með númerum og nöfnum alþjóðlegra staðla um endurskoðun og leiðbeinandi reglna FLE um endurskoðun. Ekki er ætlunin í pistli þessum að fara frekar yfir efni þessarar handbókar og skipulag hennar heldur eru lesendur hvattir til að kynna sér hana.

Breyttir tímar – nýtt verklag

Á aðalfundi 2002 var ákveðið að frá og með árinu 2004 muni eftirlit sem gæðanefnd FLE stendur fyrir verða framkvæmt hjá öllum endurskoðendum, hvort sem þeir starfa einir eða með öðrum. Í þessu sambandi má einnig minna á að frá og með árinu 2005 verður félögum sem skráð eru í kauphöllum skylt að útbúa reikningskilastaðla og má því gera ráð fyrir að framkvæmd endurskoðunar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla verði einnig gerð að skyldu hjá þessum sömu félögum. Mjög mikilvægt er fyrir endurskoðendur sem ekki eru í samstarfi við endurskoðunarfyrirtæki sem hafa gæðastjórnunarkerfi innan síns reksturs, það er sem útbúa sjálf handbækur um framkvæmd endurskoðunar byggðar á alþjóðlegu stöð-



unum, að kynna sér vel efni þessarar handbókar og tileinka sér hana.

Í samráði við stjórn FLE hefur verið ákveðið að gæðanefnd og endurskoðunarnefnd, í samstarfi við menntunarnefnd, standi fyrir kynningu á efni handbókarinnar. Kynningin er einkum ætluð fyrir starfsmenn minni endurskoðunar-fyrirtækja og einyrkja. Fyrirhugað er að halda þessa kynningu á vormánuðum 2003 þannig að endurskoðendur geti sem fyrst, og fyrir árið 2004, tileinkað sér þessar aðferðir við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Ætlunin er að fara yfir efni handbókarinnar og sýna nokkur dæmi varðandi einstök atriði í endurskoðunarferlinu sem tilgreind eru í handbókinni. Í því sambandi verður einkum litið til leiðbeinandi reglna FLE og meðfylgjandi sýnishorna með reglunum og þeirra sýnishorna sem eru til staðar í alþjóðlegu stöðlunum.

Þessar leiðbeiningar sem kynntar voru á félagsfundi og byggðar eru á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) eru frumgerð sem vonast er til að hægt verði að þróa áfram í samvinnu við endurskoðendur. Vonumst við til að endurskoðendur muni reyna að tileinka sér það skipulag sem sett er fram í þessum drögum að gæðahandbók FLE um endurskoðunarferilinn og komi jafnframt með ábendingar um efni sem þeir telja að eigi heima í leiðbeiningum sem þessum, aðeins með því mun handbókin koma okkur að gagni við endurskoðunina.

Endurskoðunarnefnd FLE

Til hamingju með afmælið

80 ára þann 7. mars 2003	Gunnar Zoega	Tómasarhaga 35
80 ára þann 28. júní 2003	Sigurður Stefánsson	Þorragötu 5
65 ára þann 7. júní 2003	Þórarinn Þ. Jónsson	Endursk. Þórarins Þ. Jónssonar
60 ára þann 11. febr. 2003	Þorsteinn Kjartansson	Höldur ehf., Akureyri
55 ára þann 20. apríl 2003	Sveinn Arason	Ríkisendurskoðun
55 ára þann 26. apríl 2003	Guðríður Kristófersd.	Marel
55 ára þann 30. maí 2003	Árni Björn Birgisson	PricewaterhouseCoopers
55 ára þann 4. júní 2003	Halldór Hróarr Sigurðsson	KPMG
55 ára þann 18. júní 2003	Anna Skúladóttir	Reykjavíkurborg
55 ára þann 27. júní 2003	Jón Eiríksson	KPMG
50 ára þann 8. febr. 2003	Jón Kristinn Jónsson	Endurskoðendabjónustunni
50 ára þann 9. febr. 2003	Stefán D. Franklín	Deloitte & Touche
40 ára þann 25. janúar 2003	María Sólbergisd.	Kaupbingi
40 ára þann 3. febr. 2003	Helena Hilmarsd.	Kauphöll Íslands
40 ára þann 7. febr. 2003	Sæmundur Valdimarsson	KPMG
40 ára þann 19. febr. 2003	Konráð Konráðsson	Endrusk. Konráðs Konráðs., Borgarnesi
30 ára þann 13. febr. 2003	Hólmgrímur Bjarnason	Deloitte & Touche
30 ára þann 28. mars 2003	Lilja Brynja Skúladóttir	KPMG
30 ára þann 21. apríl 2003	Kjartan Arnfinnsson	KPMG

Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.	www.althingi.is
Félag löggiltra endurskoðenda.	www.fle.is
Ríkisskattstjóri	www.rsk.is
Yfirkattanefnd	www.yskn.is
FEE-Evrópusamb. endurskoðenda	www.fee.be
	www.euro.fee.be
IFAC-Alþjóðasamtök endursk.	www.ifac.org
ISAC-Alþjóðl. reikningskilaráðið	www.iasc.org.uk
Verðbréfabíng Íslands, útgáfuefni	www.vi.is

Til sölu á skrifstofu FLE

- Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-
- Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-
- IASC International Accounting Standards 2002. Verð kr. 8.990,- án vsk.
- 2001 IFAC Handbook of Auditing and Ethics Pronouncements Verð kr. 15.000 án vsk.



Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla frá og með árinu 2005 mun auka mjög á kröfur sem gerðar verða til framsetningar og innihalds reikningsskila og til endurskoðendastéttarinnar.

Frá og með árinu 2005 er íslenskum fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands skylt að fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna og mun það auka mjög á kröfur sem gerðar eru til framsetningar og innihalds reikningsskila. Með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla munu reikningsskil fyrirtækja vonandi verða samanburðarhæfari og gegnsærri en þau eru í dag en það mun að sjálfsögðu leiða til aukinnar kröfu um fagþekkingu hjá endurskoðendum.

Hvað þarf að gera á árinu 2004?

Skráð félög þurfa að gera efnahagsreikning 1. janúar 2004 til samræmis við IFRS (International Financial Reporting Standards) til þess að fjárhæðir í rekstrarreikningi 2004 verði samanburðarhæfar við fjárhæðir í rekstrarreikningi 2005.

Í efnahagsreikningi 1. janúar 2004 þarf að meta allar eignir og skuldir samkvæmt IFRS þó með þeirri undantekningu að ekki virðist þurfa að vinda ofan af sameiningum fyrir þann tíma sem framkvæmdar hafa verið með svokallaðri samlegðaraðferð. Eignir og skuldir, t.d. leigusamningar, sem ef til vill hefur verið haldið fyrir utan efnahagsreikning ber að færa í bækur svo framarlega sem þeir uppfylla skilyrði sem sett eru í IFRS.

Í ársreikningi 2004 þarf að gera grein fyrir því hvernig afkoma ársins hefði verið samkvæmt eldri aðferð og hvaða liðir eru að breyta þeirri fjárhæð yfir í afkomu samkvæmt IFRS. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig eigið fé samkvæmt eldri aðferð breytist yfir í eigið fé samkvæmt IFRS og þarf í því sambandi að gera greinarmun á því af hvaða toga breytingin er þ.e. breyting á reikn-

ingshaldslegu mati, reikningsskilaaðferðum eða hvort um villur hafi verið að ræða.

Hvaða breytingar þurfa að verða á íslensku ársreikningslögum?

Talsverðar breytingar þurfa að verða á ársreikningslögum svo þau uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í IFRS það er ef til vill óhjákvæmilegt að IFRS verði hluti af lögunum þegar fram í sækir þegar þýðingu á þeim verður lokið. Eins og félagsmönnum er kunnugt er nýkomið fram stjórnarfrumvarp um breytingar á ársreikningslögum sem einkum miða að því að lagfæra löggin í samræmi við athugasemdir sem komu frá ESA en ekki að laga þau að alþjóðlegum stöðlum nema að takmörkuðu leyti. Eftirtalin atriði eru dæmi (ekki tæmandi upptalning) um hvernig íslensku löggin eru frábrugðin IFRS og hvað þurfi að koma inn í íslensku löggin svo þau uppfylli kröfur IFRS:

- Kaupaðferð (purchase method) verður notuð í öllum sameiningum og bann lagt við svokallaðri samlegðaraðferð (pooling of interest). Athygli vekur að áður nefnt stjórnarfrumvarp heimilar notkun samlegðaraðferðar undir vissum kringumstæðum.
- Eignfærsla á rannsóknarkostnaði verður ekki heimil.
- Viðskiptavild verður ekki afskrifuð en framkvæmt virðisrýrnunarpróf (impairment test) í því skyni að leggja mat á hvort ástæða sé til þess að færa niður viðskiptavildina.
- Ekkert til sem heitir óreglulegur liður. Kostnaður vegna aðildar að Evrópusambandinu myndi ekki einu sinni teljast óreglulegur liður.
- Tekjuskattur skal færast á rekstrargrunni.
- Ákvæði um mat fjárfestinga/afleiðusamninga ofl. í samræmi við núgildandi IAS 39 vantar að mestu leyti.
- Ákvæði vantar um kaupréttarsamninga, meðferð leigusamninga, virðisrýrnun eigna (impairment of assets), hagnað pr. hlut (earnings pr. share) ofl.



Ólafur Þór Jóhannesson
endurskoðandi
Pricewaterhouse
Coopers

Helstu breytingar á reikningsskilum fyrirtækja

Lesendur ársreikninga skráðra fyrirtækja munu verða varir við miklar breytingar á framsetningu og innihaldi reikningsskila þegar innleiðing staðlanna hefur um garð gengið. Helstu breytingar eru meðal annars þær að:

- Í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi verða sýndir tveir dálkar, einungis samstæðan, í stað fjögurra eins og tíðkast hefur hér á landi.
- Í rekstrarreikningi verða afskriftir fastafjármuna oft ekki sérgreindar heldur er þeim dreift út á aðra liði rekstrarreikningsins sem verður til þess að lykilmælingin EBITDA (Earnings Before Interest Tax Depreciation and Amortization) næst ekki út úr rekstrarreikningi einum og sér.
- Neðst í rekstrarreikningi verða útreikningar á hagnaði pr. hlut (earnings pr. share)
- Eiginfjárfirlit verður á einni blaðsíðu, líklega á milli efnahagsreiknings og sjóðstreymis, sem sýnir yfirlit síðustu tveggja ára.
- Í efnahagsreikningi verða fastafjármunir í sumum tilfellum ekki flokkaðir upp í varanlega rekstrarfjármuni og áhættufjármuni heldur allir sem fastafjármunir.
- Í sjóðstreymi verður lögð áhersla á að greiðsluáhrif vaxta og skatta komi fram samanber til mæli Reikningsskilaráðs í reglu nr. 3.
- Í yfirliti um reikningsskilaaðferðir verður mun ítarlegri umfjöllun en áður hefur þekkt hér á landi.
- Í skýringum verða mun ítarlegri skýringar um einstaka liði í rekstri, efnahag og sjóðstreymi s.s. sundurliðun eftir starfssvæðum/-þáttum (segmental reporting), viðskipti milli tengdra aðila ofl.



GOLFannáll árið 2002

Enn er komið að því að birta golfgrein í fréttablaði endurskoðenda. Höfundur þessa pistils er talin trú um að golfpistlarnir í blaðinu séu lesnir og ómissandi efni. Og íþróttafréttaritari FLE fréttu sest niður við tölvuna og hamrar stafi á lykklaborð í þeirri von að honum takist að „stela frá höfundu stafrófsins“ einhverri þeirri samsetningu sem áhuga vekur. Um ferðir okkar golfara, gleði og sigra, vonbrigði og tap, innanlands sem utan.

Eins og jólin koma í desember þá förum við endurskoðendur til Skotlands í maí til að leika golf. Samlíkingin er ekki fráleit því golfgleði

okkar í maí jafnast á við jólagleðina í desember. Tilhlökkun allan veturinn. Fimmta vorferð FLE golfara var farin dagana 9.-14. maí ár 2002 sem nokkrir framlengdu til 16. maí sama ár. Í þetta sinn var ferðinni heitið til Perth héraðs við jaðar skoska hálendisins, nánar tiltekið var gisti í litlum bæ sem heitir Coupar Angus. Ferðin var að öllu leyti skipulögð með skoskri ferðaskrifstofu á veraldarvefnum og reyndist það vera afbragðs aðferð við þessa framkvæmd. Að einu leyti brást þó skipulagningin. Rútan sem flutti mannskapinn frá flugvelli í Glasgow, og fylgdi okkur síðan alla ferðadagana, var alls



Sigurður Tómasson endurskoðandi

ekki gerð fyrir þann 16 manna hóp sem skráður var í ferðina. En þetta bjargaðist sæmilega því 16di skráði þátttakandinn varð eftir á Íslandi með ónothæfa öxl. Fyrir bragðið fengu allir sæti og máttu þá þröngt sáttrí sitja. Svo við vorum 15 í hópnum, þrettán endurskoðendur og tveir gestir.

Lagt var af stað snemma morguns á fimmtudegi til Skotlands. Það tók um 2 klukkustundir að fljúga til Glasgow og annað eins að komst með minirútni til hótelsins. Við náðum að leika fyrsta golfhringinn í ferðinni síðla dags þennan ferðadag og það er ávallt góð tilfinning að ná hring á fyrsta degi. Áður en yfir lauk á mánudegi, 5ta degi golfspilamennsku, höfðum við leikið 7 golfhringi á 6 golfvöllum. Kannski of margir vellir á ekki lengri tíma en alls ekki of margir leiknir golfhringir! Við förum frá Íslandi í kalsaveðri, allt grátt og litlaust. Í Skotlandi eru vellirnir grænir og gulir akrar sólblóma breiða úr sér á þessum árstíma. Að vori og í sumarbyrjun er Skotland gróðurfarslega 3 – 5 vikum á undan landinu okkar. Golfvellirnir eru hver öðrum betri og vallarnöfn eins og Gleneagles, Strathmore, Glenisla, Lansdown, Rosemount og Alyth eru okkur kunnug. Allir þessir vellir á litlu svæði í grennd við hótelið – um 15 mínútna keyrsla í minibus frá hótelinu. Einn af þessum völlum – Gleneagles – hefur verið valinn sem keppnisstaður fyrir eina stærstu golfkeppni



Fararstjóri og aðstoðarmaður við upphaf ferðar í Skotlandi 2001



heims, Ryder bikarkeppnin milli USA og Evrópu árið 2014. Það er góður fyrirvari á hlutunum þegar golf er annars vegar! Þessa daga okkar í Coupar Angus snerist lífið um golf og meira golf og allt gekk eins og vel smurð vél og hvergi hnökrar á umgjörð golfsins og samstöðu innan hópsins. Litill tími gafst til að sinna öðru áhuga-verðu í umhverfinu, m.a. var greinilegt að veiði í ám og vötnum á sér ríka hefð í þessum landshluta. Það þekkist að áhugasamir blandi saman golfi og veiðum og þess vegna gæti þetta verið kjörið landsvæði.

Mánudagur 13. maí 2002. Milt veður en dagurinn byrjar með talsverðri rigningu. Eftirvænting í loftinu. Við erum staddir á Alyth golfvöllinum, rúmlega 100 ára gamall golfvöllur í vel grónu skóglendi, hrein og tær perla. Við eigum von á gestum. Eftir hádegismat með gestunum hefst golfleikur. Rigningin hættir einmitt á sömu stundu og við hefjum golfleik við skoska endurskoðendur. Enn einu sinni eru 2 lið mætt í landsleik endurskoðenda. Skotland v. Ísland! The Picts v. The Vikings. Fornmenn Skotlands voru kallaðir Picts. Á latínu er málari nefndur pictor. Rómverjar gáfu fornönnunum þetta nafn, picts, þar sem þeir höfðu þann sið að mála eða húðflúra sjálfa sig. Talið er að þetta nafn, Picts, hafi verið notað um fornmenn Skotlands frá árunum 300 e.kr. og fram til árs-

ins 900. En hverjir eru nefndir The Vikings þar ekki að skýra. Þennan dag, mánudaginn 13. maí árið 2002, eru mættir til leiks alls 28 endurskoðendur og 3 gestir. Fimmtán skoskir endurskoðendur frá Edinburgh svæðinu ásamt einum gesti, ræðismanni Íslands í Edinburgh, eru mættir til liðskeppni í golfi og af okkar hálfu þrettán endurskoðendur og tveir gestir. Í 4ða sinn á fimm árum hittast þessir hópar og etja kappi á golfvöllinum og svo skemmtilega vill til að í öll skiptin hafa leikar endað með jafntefli. True and fair result. Dagskrá dagsins endar með sameiginlegum kvöldverði. Þeir bjóða okkur til kvöldverðarinnar en við þökkum þeim með bóka-gjöf um The Vikings. Þessi samskipti hafa verið gleðiauki í ferðum okkar, við höfum kynnst afgangsfélögum og átt með þeim skemmtilega keppni og ánægjuleg samskipti. Þetta er gagnkvæmt. Til marks um það má nefna að skotarnir taka sér frí úr vinnu þennan dag, keyra í 1 – 1½ klukkustund (aðra leiðina) frá Edinburgh til að koma til okkar, sameiginlegur hádegisverður, leika við okkur einn golfhring, sameiginlegur kvöldverður og svo keyrt til baka í náttmyrkri, allt með öllu a.m.k. 9 – 10 tíma prógram hjá þeim þennan daginn. Í lokin þegar liðin kveðjast þá liggur í loftinu að menn hugsa: „á sama tíma að ári“.

Daginn eftir, þriðjudaginn 14. maí, fór stærsti

hluti hópsins heim en við vorum 6 sem urðum eftir, spiluðum meira golf í Glasgow og fórum síðan á úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu. Stórið Real Madrid frá Spáni og þýska lyfjaliðið Bayern Leverkusen. Leikurinn fór fram á þjóðarleikvangi Skotlands, Hampden Park í Glasgow. Glæsilegur nýendurbyggður leikvöllur og öll umgjörðin um leikinn var stórbrotin og eftirminnileg. En það var langt í frá að knattspyrnusnillingunum í þessum leik tækist að koma boltanum jafn oft í boltamarkið á fót-boltavöllinum eins og okkar ferðahópi tókst að koma golfboltanum í holumarkið á golfvöllunum!

En þó eftirminnileg sé ferð okkar á erlenda grund var golfárið hér heima ekki síður ánægjulegt. Við golfarar veljum okkur einvald hvert ár og sá lukkunnar pamfíll sér um alla framkvæmd golfmóta okkar hérlandis. Þetta árið fékk einvaldurinn okkar 3 valinkunn fyrirtæki til að gefa verðlaun og veitingar á 3 innanfélagsmótum sumarsins. Einn okkar stóð uppi sem sigurvegari í þessum mótum og var það tvímælalaust einvaldurinn, Jón S. Helgason, fyrir val sitt á golfvöllum og kosturum. Nýliði í hópnum, Kristófer Ómarsson, hlaut hins vegar verðlaun fyrir sam-anlagðan bestan golfárangur í þessum 3 mótum. En auk innafélagsmótanna þá eru 2 keppnir á hverju ári við aðrar starfsstéttir, annars vegar við tannlækna og hins vegar lögfræðinga. Þar er keppt um farandbikara. Okkur endurskoðendum hefur ekki þótt ástæða til að fjalla mikið um úrslit þessara kappleikja á síðustu árum og höfum beðið rólegir þess að okkar tími kæmi. Viti menn – árið 2002 skilaði okkur sigri í báðum viðureignunum. Var það samdóma álit manna að þar um hafi ráðið mestu þolinmæði okkar manna og grandaleysi hinna sem engan veginn höfðu kortlagt þá gifurlegu aukningu og framför sem orðið hefur í þessari íþróttaiðkun endurskoðenda. Þá þóttu tannlæknar frekar ómarkvissir við sínar holufyllingar þennan daginn. Jafnframt sagði einvaldur okkar í ársskýrslu sinni að fjarvera hans í annarri þessara keppna hafi verið lykillinn að velgengni okkar manna. Hefur því ekki verið andmælt.

Golfvertíð endurskoðenda lýkur með Meistaramóti FLE. Mótið fór fram 6. september á Hvaleyrarvelli. Bjartur og fagur haustdagur eins



Alltaf sól og bjart í Skotlandi

og þeir bestir geta orðið. Það var a.m.k. trú manna þar til þeir stóðu allt í einu í hávaðaroki á fyrstu golfbraut vallarins. Sól og rok truflaði keppendur. Þennan daginn flugu golfkúlurnar oftlega allt annað en höggmaðurinn vildi þær færu. Kom þetta mest niður á þeim tölum sem menn með semingi rituðu á skorkort sín. En þegar allt hafði verið lagt saman höfðu verið slegin 1.985 högg sem var miklu meir en 20 manna hópur hafði einsett sér að gera. Lokahóf keppenda ásamt mökum og með verðlaunaafhendingu fór síðan fram að kvöldi þessa sama dags. Þar flutti einvaldurinn sína skýrslu um viðburði ársins og var skýrslan fjölfölduð í lit með myndum og smásögum. Þótti þetta glæsilega að verki staðið. Þá tilkynnti einvaldur að einn meðal jafningja hafði slegið færri högg en hinir þennan daginn og var sá hinn sami krýndur Golfmeistari FLE árið 2002. Kom í ljós að þessi sami maður hafði gert það sama árið áður og hefur það aldrei áður skeð í 22 ára samfelldri sögu meistaramótsins að sami maður vinni svo sterkt golfmót 2 ár í röð. Íþróttadeild FLE fréttar óskar Ómari Björnssyni hjá Price Waterhouse Coopers til hamingju með meistaratitlinn.

Endurskoðendur eru mikið fyrir alls konar tölfræði. Útivist og hreyfing skiptir miklu í golfinu.

FLE var með umsjón með 6 keppnum á árinu hér innanlands – 6 eftirmiðdagar. Tölviss íþróttafélagaritari hefur lauslega reiknað að hefði einn maður verið samfelldur í golfleik þann tíma sem endurskoðendur samanlagt eyddu þessa 6 eftirmiðdaga væri hann um 15 sólar-

hringa samfelldur að leik og hefði á sama tíma gengið yfir 600 kílómetra leið. Róleg ganga en engu að síður vel gert miðað við einn mann!!

Sigurður Tómasson

(Höfundur er endurskoðandi og forseti alþjóðadeildar Golfhóps FLE)



Vandasamt högg



Frá Vestmannaeyjaferð 15. júní 2001



Jól 2002

Starfsmanni félagsins barst þessi fallega jólakveðja
og er hún birt með leyfi höfundar.

*Langir skuggar skemmstu daga,
skjótast yfir lönd og haf.
Fram þeir myndir dökkar draga,
en dýrlegt norðurljósatraf,
ljómar skært um loftin blá,
lyftir huga myrkri frá.*

*Sindrar kristals klakabrynja,
kúrir landið undir þar.
Vetrar harðir strengir stynja,
stoðir traustrar byggingar.
En vorsins draumur vakir enn,
að verði hjartar aftur senn.*

*Í hverjum ranni hlýtt og friður,
helgi jóla komin er.
Um stofur, ganga, klukknakliður,
kærleik rækast vitni ber.
Kristur sagði: kom til mín,
frá klettinum fæst svölun þín.*

*Í öllum gluggum ljósin loga,
lýsa þeim er ganga hjá.
Meðan hátt á himins boga,
hreinum stjörnum geislar frá.
Ljóssins faðir á það allt,
með endurskini, þúsundfalt.*

*Á helgri stundu klukkur klingja,
kalla þjóð á bænastað.
Undraraddir engla syngja,
um Guðs ríki fullkomnað.
Hjörtun fyllast friði, trú,
friði, sem mátt treysta þú.*

*Gæti ykkar, góðu vinir,
gæska Hans, sem æðstur er.
Í Drottins nafni, dætur, synir,
daginn lengja aftur fer.
Gefist ykkur gleði klár,
á göngu inn í næsta ár.*

Bjarni Jónsson löggiltur endurskoðandi